

heiminn og hans glumarfullu öfl, og þýtt þetta á ýmsa vegu.

5. Sp.: Hafa öll trúarbrögð nema kristna trúin verið villa?

Sv.: Nei, engin algerlega villa.

6. Sp.: Er trú kristinna manna alsönnu?

Sv.: Nei; samt bezt og æðst allra trúarbragða, og þó í mörgu ábótavant enn.

7. Sp.: Hvaða trú mundi þá vera fullkomin?

Sv.: Sú, sem kennir fullkominn sannleika og kemur fullkomlega fram í lífverni manna.

8. Sp.: Hvenær getum vjer vonast eftir því líkum trúarbrögðum?

Sv.: Ekki fyrr en menn verða fullkomnir að þekkingu og hegðan.

9. Sp.: Hvernig má skipta trúarbrögðum?

Sv.: Í tvo flokka, fjölgyðistrú og eingyðistrú.

10. Sp.: Hvað skilja menn við fjölgyðistrú og eingyðistrú?

Sv.: Fjölgyðismenn trúa á fleiri en einn guð; eingyðismenn trúa á einn guð að eins.

11. Sp.: Eru til nokkur eingyðis-trúarbrögð nema kristna trúin?

Sv.: Já, tvö önnur: Gyðingatrú og Múhamedstrú.

12. Sp.: Hvi hafa menn trúað á marga guði?

Sv.: Af því að þeir skoðuðu sól, eldingar og ótal aðra náttúru-krapta sem sjerstök yfirnáttúrleg öfl eða